

STJÓRNARTÍÐINDI B 15 – 1999

17. febrúar 1999

281

Nr. 106

AUGLÝSING

um breytingu á skipan prestakalla.

Kirkjuþing 1998 hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipan prestakalla:
Bergþórshvolsprestakall í Rangárvallaprófastsdæmi sameinast Holtsprestakalli í sama
prófastsdæmi. Prestakallið nefnist Holtsprestakall. Prestssetur er Holt.

Sóknir prestakallsins eru: Eyvindarhóla-, Ásólfsskála-, Stóradals-, Akureyjar- og Kross-
sóknir.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.

Samþykkt þessi er hér með kunngerð almenningi.

Reykjavík, 17. febrúar 1999.

F.h. kirkjuráðs,
Karl Sigurbjörnsson,
biskup Íslands.

18. febrúar 1999

Nr. 107

REGLUR

um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands.

Eftirfarandi reglur gilda um viðskipti Seðlabanka Íslands og þeirra lánastofnana sem
eiga innstæðu á sérstökum bindireikningi í Seðlabankanum skv. reglum þar um:

1. Viðskiptareikningar og bindireikningar.

1.1 Innstæður á viðskiptareikningum.

Af innstæðu á viðskiptareikningi reiknast dagvextir skv. vaxtatilkynningu Seðlabankans
sem færast í árslok. Vaxtadagur inn- og útborgana er afgreiðsludagurinn, nema sérstaklega
sé um annað samið. Seðlabankinn getur án fyrirvara breytt kjörum viðskiptareikninga.

1.2 Innstæður á bindireikningum.

Af innstæðum á bindireikningum reiknast dagvextir. Af meðalinnstæðu á bindireikningi
í hverjum mánuði sem svarar til bindiskyldrar fjárhæðar greiðast vextir bundinna innstæðna
skv. vaxtatilkynningu Seðlabankans sem færast mánaðarlega en af innstæðu umfram þá
fjárhæð greiðast vextir viðskiptareikninga sbr. lið 1.1 að ofan sem færast í árslok. Við
útreikning á meðalstöðu bindireikninga skal miða við 30 daga vaxtamánuð.